



15. mars 2022 / Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

## 900 milljónir í styrki til orkuskipta



Golli

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið að auglýstir verðir styrkir til orkuskipta að upphæð 900 milljónir kr. af þeim fjárveitingum sem veittar eru til loftslagsmála í ár. Um er að ræða eina hæstu upphæð sem sjóðurinn hefur úthlutað um árabíl.

Styrkirnir eru liður í aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum og orkuskiptum og eru styrkflokkar í samræmi við stefnu stjórnvalda um að styðja við orkuskipti á landsvísu. Áhersla er lögð á vistvæna orkunýtingu, sem og að styðja við orkuskipti í samgöngum um land allt.

Áframhaldandi stuðningur er við uppbyggingu hleðslunets fyrir rafbíla.

„Við stöndum frammi fyrir miklum áskorunum um það hvernig við náum metnaðarfullum markmiðum okkar í loftslagsmálum. Þar eiga orkuskiptin stóran þátt að máli,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Styrkirnir geta að hámarki numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.

### **Styrkir til verkefna:**

Bætt orkunýting, t.d. búnaður sem minnkar raforkunotkun til beinnar upphitunar í rafkyntum varmaveitum og/eða dregur úr olíunotkun.

Verkefni sem minnka olíunotkun í iðnaði, t.d. búnaður sem nýtir vistvæna orku í stað olíu.

Líf- eða rafeldsneytisframleiðsla og orkugeymslur.

Veittir verða styrkir sem ætlaðir eru fyrir uppsetningu hleðslu- eða áfyllingastöðva til þéttingar nets hleðslustöðva við vegakerfi, fyrir vistvæn ökutæki við gististaði, frístundasvæði, verslanir og fjölsóttu ferðamannastaði.

Aðgerðir sem nýta vistvæna orku í haftengdri starfsemi og í siglingu til og frá höfn.

Umsóknarfrestur er til 7. maí.

Orkusjóði hefur verið falin umsjón með auglýsingu og umsýslu styrkjanna. Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: [gattin.os.is](https://gattin.os.is).

Nánari upplýsingar:

[www.orkusjodur.is](http://www.orkusjodur.is)

Staða og áskoranir í orkumálum

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Orkustefna

## **Efnisorð**

**AUÐLINDIR**

**LOFTSLAGSMÁL**

**ORKA**

**UMHVERFI OG NÁTTÚRUVERND**